



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2007

Tilvísun: UST20070300096/bs

Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar virkjunar.

Framkvæmd: Um er að ræða allt að 2 MW virkjun í Köldukvísl á Tjörnesi. Inntaksstífla verður 8 m há og 35 m breið. Frá henni mun liggja 2830 m aðveiturör að stöðvarhúsi sem verður 150 m² að flatarmáli. Lagðir verða aðkomuvegir að stöðvarhúsi og inntaksmannvirkjum. Einnig verður lagður vegur meðfram aðveituröri, en ráðgert er að fjarlægja þann veg.

Náttúrustofa Norðausturlands hefur kannað náttúrufar við Köldukvísl. Í þeirri greinargerð kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á gróður verður fyrst og fremst á leið aðrennslispípu, en hún mun liggja um fjalldrapa- og lyngmóa þar sem ekki er að finna sjaldgæfar plöntur né plöntur á valista. Fiskar og straumendur, en sú fuglategund er á valista, gætu orðið fyrir neikvæðum áhrifum ef ekki væri rennsli í allri ánni allt árið. Í Köldukvísl er fossinn Kvísarfoss sem í fyrrnefndri greinargerð er talinn tilkomumikill og formfagur en fossar eru ein þeirra landslagsgerða sem njóta eiga sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif virkjunarinnar á sumarrennsli árinna og þar með ásýnd Kvísarfoss verða lítil. Hins vegar má gera ráð fyrir að um vetur verði fossinn framvegis nokkuð vatnminni en hann er núna.

Náttúrustofa Norðausturlands bendir á að unnt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með því m.a. að tryggja rennslí í ánni allt árið, halda jarðraski í lágmarki og haga framkvæmdum þannig að áhrif á straumendur verði sem minnst.

Fram kemur að framkvæmdaraðili hyggst standa að framkvæmdum í samræmi við ábendingar og tillögur Náttúrustofu Norðausturlands.

Umhverfisstofnun telur ólíklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér verði staðið að henni á þann hátt sem fram kemur í tilkynningarskýrslu.


Umhverfisstofnun vill minna á að leita þarf umsagnar stofnunarinnar skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.

Stofnunin óskar ennfremur eftir að henni verði gefinn kostur á að fylgjast með fyrirhuguðum framkvæmdum við Köldukvísl.

Virðingarfyllt,



Helgi Jensson
forstöðumaður



Björn Stefánsson